

Nafn einstaklings		Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer	Sveitarfélag

Mismunur á nafnverði og raunvirði myndar stofn til auðlegðarskatts að því marki sem þannig uppreiknaður stofn vegna eigna í árslok 2009 er umfram 90.000.000 kr. hjá einhleypingi og 120.000.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. **Neikvæður mismunur færirst sem 0.**

Hlutabréf í íslenskum hlutafélögum

Kennitala	Nafn hlutafélags	Nafnverð skv. framtali 2010	Stuðull *	Raunvirði	Mismunur (raunvirði – nafnverð)
Samtals					<input type="text"/>

* Stuðullinn finnst með því að deila skattalegu eigin fé félagsins með heildarnafnverði hlutabréfa í félaginu, samkvæmt skattframtali félagsins 2010.

Hlutabréf í erlendum hlutafélögum

	Nafn hlutafélags	Land	Verð skv. framtali 2010	Raunvirði	Mismunur (raunvirði – verð)
Í dálkinn Raunvirði skal færa markaðsverð bréfanna eins og það var skráð í árslok 2009					
Samtals					<input type="text"/>

 Mismunur samtals

 Auðlegðarskattsstofn skv. skattframtali 2010

 Uppreiknaður stofn
Viðbótarstofn til útreiknings auðlegðarskatts 2011

Útfilling eyðublaðsins

Í fyrstu þrjá dálkana skal skrá hlutabréfaeign í árslok 2009 eins og þar að telja hana fram í skattframtali 2010, þ.e. innlend hlutabréf á nafnverði og erlend hlutabréf á kaupverði.

Á eyðublaðinu á að leiða út raunvirði hlutabréfa. Ef verðmæti bréfanna er umfram nafnverð (sbr. lagatiltvitnun hér fyrir neðan) myndar mismunurinn stofn til auðlegðarskatts. Neikvæður mismunur færirist sem 0.

Ef félag er skráð á markaði skal nota markaðsvirði hlutabréfanna eins og það var í árslok 2009. Annars skal reikna raunvirði íslenskra bréfa. Sá stuðull sem nota skal er skattalegt bókfært eigið fé, deilt með heildar-nafnverði hlutbréfa í félaginu, eins og þessar fjárhæðir eru í skattframtali félagsins 2010. Ætti að vera hægt að nálgast hann hjá viðkomandi félagi. Á vefframtali er stuðullinn forskráður fyrir þau félög sem gert hafa full framtalsskil. Fyrir erlend hlutabréf skal skrá markaðsvirði þeirra í árslok 2009 í dálkinn Raunvirði.

Hvað færirist á framtal?

Auðlegðarskattur leggst á stofn sem er umfram 90.000.000 kr. hjá einhleypingi og 120.000.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Við þennan endurreikning þarf að hafa skattstofn fyrra árs til hliðsjónar, en hann kom fram á álagningarseðli 2010. Miðað er við stofn og fjölskyldustöðu á framtali fyrra árs.

Ef auðlegðarskattstofn samkvæmt framtali 2010 náði ofangreindum mörkum fer fjárhæðin úr reitnum „Mismunur samtals“ óbreytt sem viðbót við auðlegðarskattstofn á fjórðu síðu framtals.

Hafi stofninn á framtali síðasta árs verið lægri, en uppreiknaður stofn er hærrí, þá færirist það sem er umfram 90 eða 120 milljónir króna sem viðbót við auðlegðarskattstofn á fjórðu síðu framtals.

Ef uppreiknaður stofn er lægri en ofangreind mörk færirist engin viðbót á framtal.

Úr tekjuskattslögum nr. 90/2003

Í ákvæði XXXIII til bráðabirgða í tekjuskattslögum, sem sett var með lögum 128/2009, er kveðið á um auðlegðarskatt. Hann skal leggjá á „framtalsskyldar eignir skv. 72. gr. í lok áráanna 2009, 2010 og 2011“ og er skatturinn lagður á gjaldárin 2010, 2011 og 2012.

Sérstakar reglur gilda um hlutabréfaeign einstaklinga, um það segir í 2. mgr. b-liðar:

Við ákvörðun auðlegðarskattstofns skal telja hlutabréf í félögum sem skráð eru í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði fram á markaðsvirði í árslok. Sá sem á hlut í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal telja fram til auðlegðarskattstofns hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins eins og það er talið fram í skattframtali félagsins skv. 1. mgr. þessa staflíðar. Þann hluta virðis eignarhluta í félagi sem reiknað er á framangreindan hátt sem umfram er nafnverð eða stofnverð skal telja fram í skattframtali 2011, 2012 og 2013.

Um útreikning skattsins segir í h-lið bráðabirgðaákvæðisins:

Auðlegðarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 90.000.000 kr. af auðlegðarskattstofni einstaklings og fyrstu 120.000.000 kr. af samantöðum auðlegðarskattstofni hjóna greiðist enginn skattur. Af auðlegðarskattstofni yfir þeim mörkum greiðast 1,25%. Auðlegðarskattstofn vegna áráanna 2009, 2010 og 2011 skal endurreikna við álagningu opinberra gjalda 2011, 2012 og 2013 með tilliti til viðbótareignar skv. b-lið. Sá mismunur sem myndast við þann endurreikning og er umfram viðmiðunarmörk 1. máls. skal skattlagður við álagningu opinberra gjalda 2011, 2012 og 2013.

Fjárhæðir og skatthlutfall sem hér koma fram gilda um álagningu á þá viðbót við auðlegðarskattstofn sem leiðir af endurreikningi á hlutabréfaeign í árslok 2009. Um aðrar eignir samkvæmt framtali 2011 gilda reglurnar eins og þeim var breytt með 6. gr. laga nr. 164/2010 (bráðabirgðaákvæði XXXIX), þ.e. að lagður er 1,5% auðlegðarskattur á stofn umfram 75.000.000 kr. hjá einstaklingi og 100.000.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki.